

19. stjórnarfundur, símafundur haldinn 8. júní 2009 kl. 10:00

Mættir: Anna Kristín Ólafsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Eiríkur Björgvinsson, Ólöf Ýrr Atladóttir, Þórunn Pétursdóttir og Þórður H. Ólafsson.
Magnús Hallgrímsson kom inn á fundinn kl. 11:45. Fjarverandi: Böðvar Pétursson

1. Samþykkt dagskrár

- Samþykkt

2. Samþykki fundargerðar 18. stjórnarfundar 16. apríl 2009

- Samþykkt án athugasemda.

3. Rekstrarmál 2009

- **Gestastofa á Skriðuklaustri-staða**

Í síðustu viku var gengið formlega frá samningum við verktaka (Vélsmiðja Hjalta Einarssonar). Ræsfundur áætlaður með verktaka í lok þessararu viku. Framkvæmdasýslan búin að ráða eftirlitsmann með verkinu sem og umsjónarmann. Lok verksins eru enn sem fyrr áætluð í maílok árið 2010.

- **Blágil-staða**

Eftir var til lokaðs útboðs. Aðeins eitt tilboð barst. Það uppfyllti ekki kröfur og var dæmt ógilt. Málið er í höndum Framkvæmdasýslu ríkisins eins og er. Þeir stefna á að ræða við verktaka og reyna ná samningum um verkið. Ekki ljóst hvort það kemur til með að bera árangur en þess virði að reyna. Ef það tekst ekki mun fara fram opið útboð. Ljóst að aðstaðan verður ekki tilbúin í sumar eins og stóð til.

- **Yfirlit yfir rekstraráætlun síðustu þriggja mánaða**

Framkvæmdastjóri greindi frá rekstarstöðu svæðanna. Öll rekstrarsvæði eru innan áætlunar.

4. Umsókn Jöklarannsóknafélags Íslands um stækkun Jökulheimaskála

Framkvæmdastjóri kynnti málið. Talsverðar umræður spunnust um hvernig stjórnsýslan innan garðsins ætti að virka í málum sem þessum og í því samhengi, hlutverk svæðisráða sem ráðgefandi aðila.

- Ákveðið var að vísa erindinu til svæðisráðs til kynningar og umsagnar, óska líka eftir álitum viðkomandi sveitarfélags (Ásahrepps) og ræða á ný á næsta stjórnarfundum.

5. Umsókn Jöklamanna ehf (Glacier Guides) um aðstöðu í Skaftafelli

Að undangengnum viðræðum við Jöklamenn ehf og Íslenska fjallaleiðsögumenn var leitað eftir lögfræðilegu álitum varðandi aðstöðu fyrir þá fyrnefndu í Skaftafelli. Það leiddi í ljós að bæði fyrirtækin verða að njóta sömu aðstöðu innan garðsins. Talsverðar umræður spunnust um hlutverk garðsins og þjónustumiðstöðva hans, þ.e. hvað ætti heima innan þeirra og hvað ekki og um mikilvægi þess að stjórnin marki línu um hvaða starfsemi sé stunduð innan garðsins.

- Var niðurstaðan sú að æskilegast væri að hvorugur aðillinn fengi aðstöðu innan gestastofunnar, þó þeim möguleika væri haldið opnum ef ekki semdist um annað. Formanni, framkvæmdastjóra og Hjalta falið að leiða málið til lykta.

6. **Atvinnuuppbygging í tengslum við Vatnajökulspjódgarð og ferð í skoskan þjóðgarð (HPV)**
Ólöf Ýrr þurfti að hverfa af fundi en lét áður í ljós ánægju sína með meðfylgjandi tillögu Hjalta og tók undir að stjórnin þyrfti að marka stefnu um hvernig garðurinn ætlar að styðja við atvinnuuppbyggingu á áhrifasvæði hans.

Hjalti greindi frá ferð sinni til Skotlands þar sem hann m.a. heimsótti Caingorms þjóðgarðinn og hitti framkvæmdastjóra hans, Jane Hope. Hún vann áður hjá umhverfisráðuneyti þeirra Skota og skrifaði m.a. lagaramma Loch Lomond og Caingorms þjóðgarðanna. Fylgdi þeirri vinnu eftir með því að setjast í stól framkvæmdastjóra Caingorms. Sá garður er tiltölulega nýr og að mörgu leyti í svipuðum sporum og Vatnajökulspjódgarður. Mikil vinna hefur farið í að byggja upp þjónustu garðsins sem og samvinnufleti við íbúa svæðisins. Garðurinn vinnur einnig mikið með sveitarfélögum innan hans.

Margt virðist sameiginlegt með Vatnajökulspjódgarði og Caingorms og mikill akkur fyrir okkar næstu skref ef stjórnin gæti hitt Jane og fengið nánari útlistun á innri uppbyggingu og starfsemi Caingorms. Ekkert var ákveðið með það að sinni.

Fundarmenn voru almennt mjög ánægðir með tillögu Hjalta varðandi atvinnuuppbyggingu í tengslum við Vatnajökulspjódgarð.

- Formanni og framkvæmdastjóra falið að leiða vinnuna af stað. Þau munu skoða málið nánar og fara yfir það aftur á næsta fundi.

7. Önnur mál

- *Heitt vatn í Skaftafelli*

Heitt vatn, í nýtanlegu magni fannst í Skaftafelli í vor. Um er að ræða 7-8 l/sek af sjálfrennandi vatni, 50°C. Áhugavert að geta nýtt það í framtíðinni en áður en nokkuð er ákveðið þarf að fá kostnaðarmat á alla verkþætti, unna sem og óunna.

- Framkvæmdastjóra falið að kanna málið nánar með hlutaðeigandi aðilum.

Elín Heiða þurfti hér með að hverfa af fundi en greindi áður frá að ekkert væri að fréttu af málefnum Langsjávar.

- *Norræn heimsókn*

Ungmenni frá öllum Norðurlöndunum koma í vikuferð í byrjun júlí að kynna sér þjóðgarðinn. Meginþema heimsóknarinnar er loftslagsbreytingar og jöklar. Verkefnið er eitt af verkefnum Umhverfisráðuneytisins í tilefni formennskuárs Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Danfríður Skarphéðinsdóttir hefur haldið utan um það að hálfu ráðuneytisins en Agnes Brá, þjóðgarðsvörður á Austurlandi af hálfu Vatnajökulspjódgarðs.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Vinna við verndaráætlanir gengur þokkalega, þó misvel eftir svæðum. Áfangaskýrslur eiga að liggja fyrir á Norður- og Austursvæði nú fyrir sumarfrí. Mikilvægt að fá áætlun frá hlutaðeigandi ráðgjöfum hvernig þeir sjá fyrir sér að ljúka þessari vinnu á

haustmánuðum (tímasett verkplan). Eiríkur nú þegar búinn að óska eftir slíku plani frá Náttúrustofu Austurlands. Einnig eru aðeins áhöld um skilning á mismunandi verndarstigum í viðmiðunarreglum IUCN. Þarf að skýra.

- Ákveðið að óska eftir fundi með lögfræðingum umhverfissráðuneytisins til að fara yfir þau mál. AKÓ, ÞHÓ, HPV og EBB falið að mæta á þann fund fyrir hönd stjórnar.
- **Lén Vatnajökulshjóðgarðs**
- Ákveðið að bæta veföngunum: *vj.is* og *vatnajokullpark.is* við þau sem fyrir eru.
- **Ferð í skoskan þjóðgarð**
Sameinað umræðu um atvinnuuppbyggingu í tengslum við þjóðgarðinn, sjá hér ofar í fundargerðinni.
- **Fréttir af Hollvinasamtökum Vatnajökulshjóðgarðs**
Til stendur að stofna Hollvinasamtök garðsins þann 21.06. nk í Öskju, HÍ. Samtökin hafa beðið um kynningu á garðinum og starfsemi hans á stofnfundinum.
- Ákveðið að framkvæmdastjóri sinni því.
- **Heimasíða**
Umræða var um heimasíðuna og mikilvægi þess að nýtt efni rati sem hraðast inn á hana. Gæta vel að góðu flæði milli starfsmanna garðsins sem eru að útbúa efni inn á síðuna og fyrirtækisins sem vistar síðuna.
- **Leyfi til kvikmyndagerðar**
Framkvæmdastjóri og Eiríkur kynntu málið. Um er að ræða erlendan kvikmyndatökuhóp sem vill komast inn á Austursvæðið til myndatöku. Formleg umsókn um leyfi hefur ekki enn borist. Umræður urðu um gjaldtöku vegna eftirlits með slíkum hópum – ekki alveg ljóst hvernig því á að vera háttað. Stjórnin almennt jákvæð gagnvart erindum sem þessum en ljóst að hægt verður að vera að innheimta gjald af veittri þjónustu sem fylgir (eftirlit o.fl.).
- Ákveðið að taka þetta mál einnig upp á væntanlegum fundi með lögfræðingum umhverfissráðuneytisins.
- **Heimsókn umhverfissráðherra**
Formaður greindi frá góðum fundi með nýjum umhverfissráðherra. Hún er ánægð með gang mála hjá þjóðgarðinum og þá stefnu sem hann vinnur eftir. Stjórnsýslumódel garðsins m.a. mjög til eftirbreytni.
- **Vegslóðar innan garðsins**
Magnús áréttaði mikilvægi þess að verndaráætlun garðsins komi aðeins til með að sýna þá vegslóða sem eru ætlaðir til aksturs. Nefndi í þessu samhengi ósamþykka GPS vegslóðaþekju sem hægt er að kaupa á frjálsum markaði.

8. Næsti stjórnarfundur

- Næsti fundur er áætlaður á Höfn þann 27.08. nk.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15
Fundargerð ritaði: Þórunn Pétursdóttir